

# Umbrotatímabil framundan á Fljótsdalshéraði

Rætt við Soffíu Lárusdóttur, forseta bæjarstjórnar á Fljótsdalshéraði og formann Sambands sveitarfélaga á Austurlandi



Börn á Egilsstöðum Um leið og íbúum fjölga þarf að auka ýmsa samfélagsþjónustu. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Tveir mánuðir eru síðan sveitarfélagið Fljótsdalshérað tók til starfa samkvæmt nýju skipuriti eftir sameiningu Austur-Héraðs, Norður-Héraðs og Fellahrepps. **Steinunn Ásmundsdóttir** ræddi við Soffíu Lárusdóttur, forseta bæjarstjórnar.

Í mörg horn er að líta á Fljótsdalshéraði og Soffía Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar segir umbrotatíma framundan. Virkni og skipulag nýs sveitarfélags, uppbygging eftir að virkjunarframkvæmdum lýkur og frekari sameiningarmál eru meðal verkefna á borði bæjarstjórnar, sem sér margvísleg tækifæri í nútíð og framtíð.

"Inn í það fléttast allar framkvæmdirnar vegna virkjunar- og stóriðjuuppbyggingar og það umrót sem er í kringum þær. Hliðaráhrifin eru meiri en ég hafði ímyndað mér, við finnum mikið fyrir þeim á Héraði. Hér er að byggjast mikið af íbúðum með tilheyrandi umsvifum og fjöldi fólks er að flytja hingað. Flutningarnir byrjuðu í þetta sveitarfélag um leið og virkjunin fór af stað og eru nú að hefjast meira á fjörðunum vegna byggingar álversins á Reyðarfirði," segir Soffía.

"Við þurfum samhliða þessu að undirbúa þann tíma þegar jafnvægi kemst á að nýju, þ.e. þegar framkvæmdunum er lokið. Þá má reikna með ákveðnu tómarúmi og um það þurfum við að hugsa. Einn liður í því er að stýra einhverjum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins inn á þann tíma. Einnig höfum við verið að vinna að uppbyggingu háskólanáms og þekkingarseturs á Egilsstöðum, það er dæmi um verkefni sem er liður í að undirbúa framtíðina.

Markmiðið er að skapa hér ákveðinn grunn fyrir menntun og rannsóknir, sem m.a. byggist á sérstöðu svæðisins. Um leið erum við að skapa hér aukna atvinnumöguleika fyrir fólk sem er með menntun og þekkingu. Sem dæmi um sérstöðu svæðisins má taka skógrækt og landgræðslu, hér eru ýmis umhverfis- og vöktunarverkefni framundan og fleira.

Þegar skapaðar eru aðstæður fyrir þekkingarumhverfi er það mjög fljótt að vinda upp á sig. Því fleira fólk sem flyst á svæðið, þess meiri þjónusta þarf og það rennir styrkari stoðum undir það sem er þegar til staðar og skapar grundvöll fyrir fjölbreyttara atvinnulíf.

Við þurfum að horfa til framtíðar á fleiri sviðum. Ýmis tækifæri eru ónýtt á sviði ferðamála hér á Austurlandi, t.d. tengd hreindýrum og öðrum veiðum, svo og náttúru og menningu svæðisins. Menningarmálin hafa verið vaxandi þáttur í samfélaginu hér eystra og hef ég trú á að þau eigi eftir að vaxa enn meira. Ekki má gleyma þeim möguleikum sem felast í stofnun Vatnajökulspjóðgarðsins og þjóðgarðs norðan Vatnajökuls.

Um leið og íbúum fjölgar þarf að auka ýmsa samfélagsþjónustu og þá er ég að horfa til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, félagsþjónusta, skipulagsmála og ýmissar þjónustu sem heyrir undir umhverfismál. Það er geysilega sterkt að það skuli vera búið að sameina flest sveitarfélögin á Héraði. Núna getum við hugsað um uppbyggingu svæðisins sem heildar í stað þess að vera alltaf að hugsa í bútum.

Við stöndum frammi fyrir alveg nýjum möguleikum, við erum búin að fella múrana og getum tekið höndum saman um að byggja hér upp og þróa öflugt samfélag sem eftirsóknarvert er að búa í. Við getum nú einbeitt okkur að stóru málunum. Áður fannst mér við eyða of miklum tíma í smáu málin - eins og að karpa um hvaða forsendur ætti að nota til grundvallar kostnaðarskiptingu samstarfsverkefna. Við horfum nú á öll þessi mál út frá nýjum forsendum; skólamál, félagsþjónusta, skipulagsmál, snjómokstur, sorphirða, menningar- og frístundamál.

Mér hefur líka þótt ánægjulegt að finna að sá hópur, sem er nú að byrja að vinna saman í bæjarstjórn og kemur víða úr sveitarfélaginu, samanstandur af aðilum með mismunandi þekkingu og styrkleika. Við fáum fleiri að málum, sjónarmiðin eru fjölbreyttari en áður sem vonandi skilar sér í öflugri uppbyggingu samfélagsins," segir Soffía.

### **Ný vinnubrögð**

Aðeins eru tveir mánuðir síðan sveitarfélagið tók til starfa og nýtt skipurit var samþykkt á fyrsta fundi bæjarstjórnar. "Við auglýstum nýlega sjö nýjar stjórnunarstöður og hefur því ekki reynt á nýtt stjórnkerfi nema hvað varðar nefndastarf. Sú litla reynsla sem komin er leggst þó vel í mig. Gert er ráð fyrir að fleiri komi að málum, það kallar á meiri samhæfingu og öðruvísi vinnubrögð. Á móti kemur að hver nefnd er meira sérhæfð. Áður voru þetta fáar nefndir með mörg mál undir og þá vildu ákveðnir málaflokkar lenda til hliðar við skylduverkefni.

Ég get tekið sem dæmi mennta-, menningar- og frístundamál. Menntamálin, sem eru mjög stór og mikilvægur þáttur, lentu óneitanlega ofan á og hitt varð meira afgangss. Nú koma sem sagt fleiri að hverjum málaflokki, það getur þó þýtt að vandasamara verði að fá niðurstöðu í einstök mál. Mér þykir spennandi að vinna eftir nýju stjórnkerfi, en það kallar á meiri samhæfingu hjá bæjarstjórn og stjórnunarþáttur bæjarstjóra eykst frá því sem áður var.

Til að tryggja skilvirkni þarf breytt samskipti embættismanna og stjórnmalamanna og verkaskipting þarf að vera skýr. Við þurfum því að skilgreina vel og virða hlutverk hvors hóps fyrir sig,

Þegar við tókum ákvörðun um að auglýsa hin nýju störf var það vegna þess að við vildum gefa sem flestum kost á að sækja um stöðurnar. Það var ánægjulegt hversu margir sýndu störfunum áhuga. Að meðaltali voru tíu manns um hverja stöðu og mikið af hæfu fólki sem sótti um. Í sex af sjö auglýstum stöðum hafa verið ráðnar

þrjár konur og þrír karlar og að mínu mati tekist vel til þegar horft er til kynjaskiptingar, aldurs, menntunar og reynslu. Við erum þarna með breiðan hóp fólks sem gegna mun störfum umhverfisfulltrúa, menningar- og frístundafulltrúa, fjármálastjóra, héraðsstjóra og fræðslufulltrúa auk verkefnastjóra."

Fram hefur komið að minnihluti nýrrar bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs gagnrýndi bæði ráðningarferli starfsmannanna og val á umsækjendum í störf fjármála- og héraðsstjóra. "Ég skil þau sjónarmið sem uppi eru hjá minnihlutanum varðandi aðkomu að ráðningum," segir Soffía.

"Hins vegar voru ekki gerðar athugasemdir í nefndum þegar vinnulag við umfjöllun umsókna var lagt til. Mér þykir gagnrýnin því heldur seint fram komin. Mér finnst hún heldur ekki alveg sanngjörn, svo við tökum sem dæmi ráðningu fjármálastjóra. Við erum að ráða þar inn mann sem var sveitarstjóri Fellahrepps í mörg ár, vann síðan hjá KPMG í nokkur ár og nú í desember vann hann m.a. fjárhagsáætlun fyrir hið nýja sveitarfélag. Bókunin er því ósanngjörn og hreinlega röng sú fullyrðing að við séum að ráða óreyndan mann í starfið.

Starfsfólkið sem ráðið er hefur allt reynslu og menntun, mismunandi mikla, úr atvinnulífinu eins og gerist. Ég er því ekki sammála bókunum minnihlutans um að verið sé að ráða óreynt fólk og kasta peningum á glæ. Aðferðafræðina má hins vegar ræða en ég hefði viljað fá gagnrýnina fram í upphafi ráðningarferilsins, ekki í lokin."

### **Sameiningarferlið áfram**

"Það hefur sýnt sig, og er Fjarðabyggð gott dæmi um það, að sameining gerir sveitarfélögin öflugri út á við og þá ekki síður inn á við. Ég vona því að við höldum áfram með sameiningar á Austurlandi. Það þurfa vissulega að vera ákveðnar forsendur til staðar s.s. öruggir tekjustofnar. Fljótsdalshérað hefur tekið vel í ósk Breiðdalshrepps um sameiningu. Þessi sveitarfélög liggja saman en á milli þeirra er nokkuð erfiður fjallvegur. Breiðdalsvík sem er þéttbýlis- og þjónustukjarni Breiðdalshrepps, er í töluverðri fjarlægð frá þjónustukjarnanum á Héraði og því erfitt að samþætta og hagræða þjónustu. Ég held að sameining á milli þessara sveitarfélaga myndi fyrst og fremst gefa af sér stjórnsýslulegan ávinning. Stjórnsýslan þarf að vera sérhæfð og formleg og það er erfitt fyrir lítið sveitarfélag að koma sér upp öllum þeim tæknibúnaði og þekkingu sem vera þarf til staðar ef stjórnsýslan á að geta verið þannig. Á hinn bóginn verða allir staðirnir, stórir sem smáir, að halda úti grunn- og leikskólum, félagsþjónustu og annarri grunnsamfélagsþjónustu, s.s. þjónustu varðandi slökkvilið, hreinsun gatna og umhirðu svæða og þar fram eftir götunum. Því er takmörkuð hagræðing af sameiningu í þeim efnum, en aftur á móti verulegur stjórnsýslulegur ávinningur.

Yfirstjórn Fljótsdalshéraðs er jákvæð gagnvart frekari sameiningu, en ég held samt að grunnurinn sé sá að sveitarstjórnarmenn sjálfir verði að byrja á að vera jákvæðir. Það smitar út til íbúanna. Sveitarstjórnarmenn hafa mesta og besta þekkingu á málefnum sveitarfélaganna og ef þeir eru í vafa um réttmæti þess að sameinast getum við ekki ætlast til þess að íbúarnir séu jákvæðir fyrir sameiningu. Því held ég að miklu máli skipti að sveitarstjórnarmenn vinni af ákveðinni einingu sín á milli og nái góðu samkomulagi og sátt."

### **Samráð og samstarf**

Soffía er formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Sú spurning vaknar hvort sveitarfélögin eystra séu samhent í vinnu að sameiginlegum hagsmunum fjórðungsins.

"Austurland er sérstakt fyrir það hversu samhent við höfum verið," svarar Soffía. "Við höfum unnið sameiginlega að þessu stóra verkefni sem er virkjunin og álverið, menningarmálum, fræðslumálum og ferða- og markaðsmálum, svo eitthvað sé nefnt og náð góðum árangri. Hins vegar má segja að eftir að málefni virkjunar og stóriðju hófu fyrir alvöru innreið sína í fjórðunginn höfum við svolítið farið sitt í hverja áttina.

Við þurfum því að skerpa okkur á þessu sviði. Það er ekki óeðlilegt, það eru allir á kafi og ekki hægt að líkja því við venjulegt ástand sem sveitarstjórnarmenn og aðrir íbúar eru að takast á við á Austurlandi um þessar mundir. Mér finnst ekkert skrítið þó ekki hafi gefist mikill tími í samráð eða samstarf, en við þurfum þó að gefa okkur meiri tíma í þeim efnum."